

1860.

9. júlí.

**41. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kirkjubyggingu á Akureyri m. m.**

Eptir þegnlegri uppástungu kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn 29. f. m. allramildilegast fallizt á: að leggja skuli niður kirkjuna á Hrafnagili í Eyjafjarðar sýslu þegar búið er að byggja á Akureyri nýja kirkju, er sè svo stór og að öðru leyti svo á sig komin, að hún geti verið sóknarkirkja fyrir söfnuð þann, er til þessa hefir átt kirkjusókn að Hrafnagili, og eptir að búið er að búa þar til greptrunarreit, er sè umgirtur svo sem vera ber;

að allar eignir og réttindi Hrafnagils kirkju, eptirstöðvar af tekjum hennar, skráðar og áhöld, hverfi til hinnar nýju kirkju á Akureyri;

að söfnuðurinn fyrst um sinn taki við fjárhaldi hinnar nýju kirkju, og feli það á hendur nokkrum sóknarmönnum, er til þess sèu kosnir og hafi það á hendi undir umsjón sóknarprestsins, en fái verzlunarstaðurinn Akureyri bæjarstjórn útaf fyrir sig, þá taki bæjarstjórnin við fjárhaldi kirkjunnar; og

að þegar búið er að byggja hina nýju kirkju á Akureyri verði prestur sá, er veitt verður Hrafnagils brauðið, sem nú er laust, skyldaður til að búa á verzlunarstaðnum eða rétt í grennd við hann, eptir því sem biskupinn nákvæmar ákveður.

Um leið og stjórnin birtir yður þetta, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, skal því við bætt um hin önnur atriði máls þessa, sem um er rætt í bréfi yðar 24. janúarmánaðar þ. á., að stjórninni ekki þykir næg ástæða til að skylda prestinn til að flytja stundum ræðu á dönsku í hinn nýju kirkju á Akureyri; en að hinsvegar virðist vera ástæða til þess, eptir því sem til hagar, að skylda hann til að halda þar guðsþjónustugjörð ekki aðeins þá helgidaga, sem guðsþjónustugjörð á þar fram að fara eptir tiltölu rættri, heldur og á þeim helgidögum, þegar messað verður á hvorugri annexkirkjunni sökum veðráttufars, og einnig þá helgidaga, þegar

messa ber í Kaupangs kirkju, er liggur í grennd við verzlun-  
arstaðinn Akureyri.

1860.

9. júlí.

42. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-  
valdanna á Íslandi, um að leggja Nes-brauð í Þing-  
eyjar prófastsdæmi til Múla prestakalls í sama pró-  
fastsdæmi m. m. 9. júlí.

Eptir að stjórn kirkju og kennslumálanna var búin að fá  
uppástungur frá yður, herra stiptamtmaður, og yður háæru-  
verðugi herra, í bréfi yðar 8. maímánaðar þ. á., um sameiningu  
Múla og Nes brauðs í Þingeyjar prófastsdæmi í norðurumdæminu  
á Íslandi, m. m., var konungi send þegnleg skýrsla um málefni  
þetta samkvæmt tillögum yðar, og hefir hans hátign síðan 29.  
dag júnímánaðar allramildilegast lagt úrskurð á málið á þessa  
leið:

1. að Nes brauð í Þingeyjar prófastsdæmi í norðurumdæminu  
á Íslandi skuli lagt niður sem sérstakt brauð, en þar á móti  
skuli það með kirkju þeirri, sem þar er, lagt sem annexía  
til Múla brauðs í sama prófastsdæmi;
2. að sá þriðjungur jarðarinnar Sigurðarstaða, sem Múla kirkja  
á, skuli lagður til Presthóla brauðs í Þingeyjar prófasts-  
dæmi, og
3. að jörðin Geirbjarnarstaðir, 20 hundruð að dýrleika, sem  
Múla kirkja einnig á, skuli lögð til Þönglabakka prestakalls  
í sama prófastsdæmi.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbein-  
ingar og til frekari framkvæmda.